

Hvernig ber fólk sig að ?

Framkvæmd NPA hjá þjónustusvæðum og sveitarfélögum

Ráðstefna á vegum verkefnisstjórnar NPA

Reykjavík 10. febrúar 2012

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri



Afstaða sveitarfélaga til NPA

Vilji sveitarfélaga til að taka upp NPA sem þjónustuform kom fram í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða undirritað 23.nóv. 2010

„ efnt verður til sérstaks samstarfsverkefnis um notendastýrða persónulega aðstoð“

Þróunarverkefni um NPA

- Verið að fara af stað með þróunarverkefni
- NPA ekki lögbundin þjónusta
- Engu sveitarfélagi því lagalega skylt að veita NPA
- Áhersla lögð á að sem flest sveitarfélög taki þátt í þessu þróunarverkefni
- Mikilvægt að innan þjónustusvæða verði sameinast um ákvörðun um NPA
- Stefnt að NPA verði lögbundin þjónusta 2014

Fyrirkomulag

- Sveitarfélög setja sér sjálf reglur um hvernig veita skuli NPA á forsendum handbókar
- Sveitarfélög geta sameinast um setningu reglna innan þjónustusvæðis
- Gefnar verða út leiðbeinandi reglur um gerð slíkra reglna

Framkvæmd – lýsing á ferli

- Sveitarfélög kynna notendum að NPA sé valkostur og hvað slík þjónusta felur í sér
- Notandi sækir um til sveitarfélags
- Lagt er mat á stuðningsþörf
- Samkomulag um fjölda vinnustunda
- Notandi ákveður fyrirkomulag umsýslu
- Einstaklingssamningur
- Samstarfssamningur á grundvelli starfsleyfis
- Greiðslur skv. samningi hefjast
- Leit að aðstoðarfólki hefst
- Aðstoðarfólk er ráðið
- Ráðningarsamningur milli umsýsluaðila og aðstoðarmann
- NPA þjónusta er hafin

Hverjir geta sótt um og hvar

- Allir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og falla undir lög um málefni fatlaðs fólks geta sótt um NPA
- Forsjáraðilar þeirra sem eru undir 18 ára sækja um fyrir þeirra hönd
- Lög um málefni aldraða gilda um 67 ára og eldri
- Þau lög undanskilja ekki umsókn frá 67 og eldri
- Sækja skal um skriflega til félagsþjónustu

Eftir að umsókn er móttækin

- Grunnmat félagsþjónustu
- Heildstætt mat félagsþjónustu
- Lagt er mat á stuðningsþörf
- Matið er samstarf umsækjanda og ráðgjafa/
teymi fagfólks
- Mikilvægt að umsækjandi hafi utanaðkomandi
ráðgjöf og aðstoð í þessu matsferli
- Ekki unnt að hefja NPA nema sátt ríki um
mat á stuðningsþörf af hálfu beggja aðila

Mat á stuðningsþörf liggur fyrir

- Gert er samkomulag um vinnustundir
- Þær eru ákvarðaðar fyrir mánuð í senn með meðaltalsreikningi
- Heimilt að flytja stundir milli mánaða
- Mikilvægt er að í samkomulaginu verði metin þörf lögð til grundvallar
- Samkomulagið verður að endurspegla stuðningsþörf

Einstaklingssamningur – tvær leiðir

- Notandi leitar til sjálfstæðra aðila til að annast umsýslu og vinnuveitandahlutverk
- Notandi annast sjálfur umsýslu og vinnuveitandahlutverk og gerir samning við sveitarfélag

Samstarfssamningur um NPA þjónustu

- Sveitarfélög og sjálfstæðir aðilar sem hyggjast bjóða upp á umsýslu NPA og annast vinnuveitandahlutverk gera samning sín á milli

Samningar

- Greiðslur frá sveitarfélagi hefjast við undirritun einstaklingssamnings
- Önnur þjónusta fellur þá niður, enda komi NPA í stað hennar
- Sveitarfélög veita ráðgjöf í samningsferlinu sé þess óskað
- Einstaklingssamningar gilda allt að 24 mánuði

Þjónusta á ábyrgð ríkisins

- Unnið er að gerð viljayfirlýsingu velferðarráðuneytis um aðkomu ríkisstofnana að NPA
- Mikilvægt að hægt verði að semja um að þjónusta heimahjúkrunar, aðstoð við nám í framhaldsskóla eða háskóla og á vinnumarkaði verði hluti af NPA

Fræðsla - eftirlit

- Mikilvægt að kunna og kynna hugmyndafræðina og vanda vel til verka
- Verkefnisstjórn NPA ýtir fræðslu úr vör
- Sveitarfélög fræða starfsmenn sína um inntak og framkvæmd NPA
- Sveitarfélög eru með eftirlitshlutverk sbr. lög um málefni fatlaðra gagnvart NPA líkt og annarri þjónustu

Niðurlag

Mikilvægt að nálgast NPA með opnum huga

- ný hugsun – ný nálgun -

lífið er ekki kassi

Guðjón Sigurðsson

